

Reglugerðin

[Reglugerð Evrópusambandsins \(EB\) nr. 1169/2011](#) um matvælaupplýsingar tekur gildi 13. desember 2014.

Reglugerðin mun koma í stað eftirfarandi reglugerða:

- nr. 503/2005 um merkingu matvæla,
- nr. 410/2009 um merkingu næringargildis matvæla,
- nr. 681/2005 um merkingar matvæla með viðbættum jurtastanólum og jurtasterólum
- nr. 884/2003 um merkingu matvæla sem innihalda kínín og koffín

Það má byrja að merkja samkvæmt henni nú þegar, enda eiga merkingar og aðrar upplýsingar um matvæli sem sett eru á markað eftir 13. desember 2014 að uppfylla nýju reglugerðina. Athuga þarf þó að landsákvæði s.s. um tungumál o.fl. munu koma til viðbótar í reglugerð þegar hún verður innleidd hér á landi. Ekki er búið að birta íslenska þýðingu á reglugerðinni. Stefnt er að því að setja reglugerðina með drögum að landsákvæðum í umsögn á vef Matvælastofnunar (mast.is). Vonast er til að það gerist í mars-apríl.

Reglugerðin tekur gildi 13. desember 2014. Meðal nýrra ákvæða er skylda að næringargildismerkja matvæli. Það verður þó ekki skylt að merkja með næringargildi fyrr en 13. desember 2016. En næringargildismerkning sem er á matvælum sem sett eru á markað eftir 13. desember 2014 verður að vera samkvæmt nýju reglunum. Matvæli sem eru markaðssett samkvæmt núverandi reglum fyrir 13. desember mega vera á markaði þar til geymsluþol þeirra er útrunnið. Það gildir bæði 2014 og 2016.

Hjá Evrópusambandinu:

Mikil vinna er í gangi eða óunnin hjá Evrópusambandinu í tengslum við reglugerðina, því í henni eru ýmsar skyldur um skýrslur og útfærslur t.d. varðandi upprunamerkingar, auk þess sem túlka þarf ýmis atriði.

Nokkur ný skjöl eru komin á vef Framkvæmdastjórnar EB um [merkingar](#) og [merkingar næringargildis](#):

- [Spurningar og svör \(Q&A\)](#)

Neðst á síðunni [merkingar næringargildis](#) undir *Guidance documents* eru tenglar í leiðbeiningar um

- Greiningar á trefjum
- Ásættanleg frávik frá næringargildi í næringargildismerkningu

Fræðslufni:

[Glærur og upptaka af fyrirlestrum](#) á fræðslufundi sem haldinn var á Matvælastofnun 6. desember 2011.

Að mestu leyti er nýja reglugerðin framhald af þeim reglum sem eru í gildi í dag, en meðal mikilvægra nýrra atriða eru:

Almennt: (vísað er í greinar matvælaupplýsingar EB nr. 1169/2011)

1. **Leturstærð:** Áfram er krafa um að merkingar skulu vera læsilegar, en að auki er sett lágmarksleturstærð lágstafa er 1,2 mm á hæð. Undantekningar gilda um smáar pakkningar. (13. grein)

2. *Ofnæmisvaldar*: Neytendur eiga rétt á upplýsingum um ofnæmisvalda í innihaldi matvæla, einnig fyrir óþökkuð matvæli. Einstök lönd geta sett reglur um hvernig gera á þær upplýsingar aðgengilegar. Að auki er ný krafa um að ofnæmisvaldar skuli vera með áherslu s.s. litarbreytingu eða feititletrun í innihaldslýsingu forpakkaðra matvæla.
EB er skylt að vinna viðmiðunarreglur um merkinguna „getur innihaldið snefil af“ (21. og 36. grein)
3. *Frystidagsetning*: Krafa er um merkingu frystidagsetningar á frystu kjöti, frystum unnum kjötvörum og frystum óunnum lagarafurðum (=fiskur, lindýr, krabbadýr). (Viðauki III, liður 6.1)
4. *Uppruni*: Áfram er krafa um merkingu á uppruna ef skortur á slíkum merkingum getur verið villandi, en skylt verður að merkja uppruna á svínakjöti, kindakjöti, geitakjöti, fuglakjöti – fersku og frosnu. Að auki er krafa um upprunamerkingu ef uppruni vöru er ekki sá sami og uppruni aðalhráefnis. EB vinnur nú að frekari útfærslu þessara ákvæða og mun setja reglur um það fyrir 13. desember 2013. (26. grein)
5. *Mat á áhrifum vegna aukinna upprunamerkinga*: EB á að gera „mat á áhrifum“ (impact assessment) fyrir upprunamerkingar á aðrar kjöttegundir, mjólk, mjólk sem innihald í mjólkurafurðum, óunnin matvæli, matvæli sem eru úr fleiri en einu innihaldsefni og innihaldsefni sem eru meira en 50% innihalds matvæla fyrir 13. desember 2014. EB á að leggja fram skýrslu fyrir kjöt sem innihaldsefni fyrir 13. desember 2013. (26. grein)
6. *Geymsluþol*: Í nýju reglugerðinni kemur fram að lítið er á matvæli sem heilsuskaðleg eftir „síðasta neysludag“ og því ekki leyfilegt að selja þau eftir þann dag. Samkvæmt reglugerðinni er hinsvegar ekki bannað að dreifa matvælum eftir „best fyrir“. (24. grein)
7. *Fjarsala*: Krafa er um að skylduupplýsingar séu aðgengilegar fyrir neytendur áður en kaup eru ákveðin og við afhendingu (14. grein)
8. *Eftirlíkingar/hliðstæður*: Ef notað er staðgengilshráefni t.d. pizzatoppur í stað osts, á það að koma fram við vöruheiti. (7. grein og viðauki VI)
9. *Vatnsinnihald*: Ef kjötvörur og fiskafurðir, sem líta út eins og heil stykki, innihalda meira en 5% af viðbættu vatni á það að koma fram við heiti vöru. (Viðauki VI). Allt viðbætt vatn á að koma fram í innihaldslýsingu á kjöti, unnum kjötvörum (meat preparations) og óunnum fisk og óunnum lagarafurðum (unprocessed fishery products and unprocessed bivalve molluscs)
10. *Viðbætt prótein af öðrum uppruna*: Viðbætt prótein af öðrum dýrauppruna sem bætt er í kjötafurðir (meat products), unnar kjötvörur (meat preparations) og lagarafurðir (fishery products) þurfa að koma fram í vöru. (Viðauki VI)
11. *Samsett kjöt*: Kjötafurðir (meat products), unnar kjötvörur (meat preparations) og lagarafurðir (fishery products) sem líta út fyrir að vera heil stykki, en eru samsett úr bitum, eiga að merkjast „samsett kjöt“ eða „samsettur fiskur“ (opinber íslensk þýðing er ekki komin þegar þetta er skrifað) (Viðauki VI)
12. *Nanótækni*: Innihaldsefni sem eru framleidd úr nanóefnum eiga að merkjast með „nanó“ í innihaldslýsingu (18. grein)
13. *Jurtaolía og jurtafeiti*: Merkja á úr hvaða plöntu olían/feitin er unnin (Viðauki VII)

26. febrúar 2013